



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 02.11.2012

Tilv. 2012/0899

ÞAÁ

Efni: Umsögn Neytendstofu um frumvarp til laga um neytendalán þskj. 228 - 220 mál

Neytendastofa vísar til beiðni um umsögn um frv. til laga um neytendalán. Stofnunin telur að margar mikilvægar breytingar hafi verið gerðar frá því að frv. var áður lagt fram og komið hafi verið til móts við ýmsar athugasemdir sem stofnunin hefur gert á fyrri stigum málsins. Jafnframt eru nú í frumvarpinu að finna ákvæði sem miða að aukinni vernd neytenda vegna s.n. smálána sem stofnunin telur að séu mikilvæg með hliðsjón af þróun viðskipta á þeim markaði á undanförunum árum.

Neytendastofa telur því ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins eins og það liggur nú fyrir sbr. þskj 228.

Hins vegar er afar brýnt að mati Neytendastofu að tryggt verði af hálfu Alþingis nú við samþykkt frumvarpsins og meðferð þess á Alþingi að fjárveitingar fylgi því eftirlitsverkefni sem Neytendastofu er nú falið skv. frumvarpinu. Í kostnaðarumsögn við frumvarp þetta kemur fram að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sem leggur fram frumvarp þetta leggur enga fjármuni fram heldur er þar vísað til þess að það sé alfarið í verkahring innanríkisráðuneytisins að losa um fjármagn innan ramma þess ráðuneytis til þess að unnt verði að mæta þeim kostnaði sem verður vegna samþykkt laganna. Engar yfirlýsingar eða vilyrði hafa þó komið fram frá innanríkisráðuneytinu svo Neytendastofa viti til um að innanríkisráðuneytið muni leysa það mál fyrri hönd þess ráðuneytis sem hefur lagt fram frumvarp þetta á Alþingi.

Neytendastofa vill því benda efnahags- og viðskiptanefnd á að hún telur að ekki sé unnt að samþykkja og afgreiða frumvarp þetta af hálfu nefndarinnar nema því aðeins að hún óski skriflega eftir upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu þar sem útskýrt verður hvernig ráðuneytið hyggst mæta þeirri auknu útgjaldaþörf sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er að leggja á Neytendastofu með því að fela henni framkvæmd laganna.


Á það er einnig bent að engar upplýsingar liggja fyrir um þetta atriði og í fjárlagafrumvarpi 2013 heldur eru framlög til Neytendastofu þvert á móti skert og ekki verður séð að í fjárukalögum 2012 sé verið að taka á uppsöfnuðum halla á rekstri stofnunarinnar vegna ársins 2011 sem einnig mun auka á fyrirliggjandi rekstrarvanda. Forsenda fyrir framkvæmd laganna er að mati stofnunarinnar að samhliða sé tryggt að veitt sé fé til að unnt sé að framkvæma það eftirlit sem frumvarp þetta mælir fyrir um. Í þessu sambandi þykir rétt að

minna á að við samþykkt nógildandi laga nr. 124/1994, um neytendalán var í kostnaðarumsögn tekið fram að ekkert fé skyldi veitt til eftirlits með lögnum heldur væri ráð fyrir því gert að ef upp kæmi ágreiningur varðandi gildandi lög um neytendalán bæri neytendum að fara með þau ágreiningsefni fyrir dómstóla. Nú við heildarendurskoðun laga um neytendalán er því ekki fært að mati Neytendastofu að hafa sama háttinn á svo og sérstaklega með hliðsjón af reynslu undangenginna ára vegna lánveitinga til neytenda þar sem að ugglaut lítið eftirlit hefur átt þátt sinn í því að skapa mikla réttaróvissu og fjölda dómsmála vegna ágreinings um neytendalán.

Í frumvarpinu eru lagðar ítarlegar skyldur á Neytendastofu varðandi framkvæmd laganna og því algjör forsenda þess að unnt verði að vinna að þeim verkefnum að starfskraftar stofnunarinnar verði eflir til að mæta þeirri auknu stjórnábyrgð sem fylgir óhjákvæmilega eftir samþykkt laganna. Til þess að svo megi verði verður að koma til fjárveiting sem tryggir það eftirlit sem Alþingi telur nauðsynlegt að verði haft með ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður.

Til upplýsingar þá eru einnig meðfylgjandi tölvupóstur vegna samskipta Neytendastofu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins svo og innanríkisráðuneytið varðandi nauðsynleg fjárframlög til eftirlitsins og rökstuðning stofnunarinnar þegar frumvarpið var á undirbúningsstigi. Vísað er til þess að öðru leyti efnislega til þeirra um nánari skýringar á og upplýsingar þessum þætti málsins.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri

Atvinnuvegarráðuneytið úthlutar úr fjárhagsramma innanríkisráðuneytisins?
Tryggvi Axelsson

to:

petur.fenger, ragnildur.hjaltadottir

18.10.2012 14:18

Cc:

steinunn.valdis.oskarsdottir, petur.fenger, bjorn.freyr.bjornsson, sigurbergur.bjornsson, thorunn

Hide Details

From: Tryggvi Axelsson/Neytendastofa Sort List...

To: petur.fenger@irr.is, ragnildur.hjaltadottir@irr.is

Cc: steinunn.valdis.oskarsdottir@irr.is, petur.fenger@irr.is, bjorn.freyr.bjornsson@irr.is, sigurbergur.bjornsson@irr.is, thorunn@neytendastofa.is

Fskj. nr. 1
(Umsögn Neytendastofu)
Þskj. 228 - neyt. lán.

Komið þið sæl Pétur og Ragnildur

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um neytendalán af hálfu ANR með verulegum eftirlitsskyldum á Neytendastofu. Frumvarpinu fylgir kostnaðarumsögn þar sem segir að þetta sé ekki vandamál - þar sem þið munið endurraða fjármunum innan ramma IRR til þess að þetta gangi upp. Þannig skil ég umræddan kafla úr kostnaðarumsögninni sem ég klippti aðeins hluta til inn í póstin hér f. neðan.

Það skal athugað að ANR bað um okkar kostnaðarumsögn v. undirbúning málsins og ekki annað skilið af okkar hálfu á þeim tíma að þetta yrði tekið af þeirra fjárhagsramma. Nú má sem sagt ætla af umsögninni að það sé ekki hugsað þannig af þeim - heldur eigið þið að sjá til þess að færa fjármuni og þá etv skv. samkomulagi ykkar við ANR.

Gott væri ef þið staðfestið við mig sem allra fyrst að þetta sé frágengið mál af ykkar hálfu - þe að fært verði til þetta fé innan ramma IRR til að NEST geti mætt þeim auknu starfsskyldum sem þetta frv. hefur í för með sér.

Hér er svo umræddur texti með undirstrikun minni:

Fylgiskjal.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um neytendalán.

Að mati Neytendastofu þyrfti að efla eftirlit á þessu sviði verði frumvarpið lögfest og telur

stofnunin að fjölga þyrfti um eitt starf í því skyni eða sem svarar til um 9 m.kr. í auknum útgjöldum á ári. Ekki er gert ráð fyrir þeim útgjöldum hjá stofnuninni í frumvarpi til fjárlaga 2013 og mundi halli á afkomu ríkissjóðs aukast sem þeim nemur að öðru óbreyttu. Ef talin er þörf fyrir að efla eftirlitið með lánveitingum af þessum toga og umfram það sem kveðið er á um í tilskipun ESB á þessu sviði verður hins vegar að gera ráð fyrir að viðkomandi ráðuneyti muni leitast við að forgangsraða til verkefnisins öðrum fjárheimildum innan síns útgjaldaramma.

Bestu kveðjur/ Best regards

Tryggvi Axelsson forstj./director

Neytendastofu /Consumer Agency

Borgartúni 21 - 105 Reykjavík

s./tel: + (354) - 510 11 00

fax: +(354) - 510 11 01



To: guðmundur.k.karason@evr.is,
helga@neytendastofa.is, ragnhildur.hjaltadottir@irr.is, sigurbergur.bjornsson@irr.is,
Cc: steinunn.valdis.oskarsdottir@irr.is, thora.hjaltested@evr.is, Þórunn Anna Árnadóttir
<thorunn@neytendastofa.is>,
Bcc:
Subject: Re: Kostnaðarmat vegna nýrra laga um neytendalán
From: Tryggvi Axelsson/Neytendastofa - Friday 02.11.2012 13:58

Fskj. nr. 2
(Umsögn Neytendastofu)
fshj. 228-neyt.lain

Sæll Guðmundur

Þakka þér fyrir þetta - þetta er fint!

Bestu kveðjur/ Best regards
Tryggvi Axelsson forstj./director
Neytendastofu /Consumer Agency
Borgartúni 21 - 105 Reykjavík
s./tel: + (354) - 510 11 00
fax: +(354) - 510 11 01

guðmundur.k.karason Sæll Tryggvi, Fjármálaráðuneytið óskaði efti... 22.03.2012 11:05:18

From: guðmundur.k.karason@evr.is
To: Tryggvi Axelsson <tryggvi@neytendastofa.is>
Cc: helga@neytendastofa.is, thora.hjaltested@evr.is, ragnhildur.hjaltadottir@irr.is,
sigurbergur.bjornsson@irr.is, steinunn.valdis.oskarsdottir@irr.is, Þórunn Anna Árnadóttir
<thorunn@neytendastofa.is>
Date: 22.03.2012 11:05
Subject: Re: Kostnaðarmat vegna nýrra laga um neytendalán

Sæll Tryggvi,

Fjármálaráðuneytið óskaði eftir frekari rökstuðning varðandi kostnaðarauka Neytendastofu verði frumvarp til nýrra laga um neytendalán að lögum. Ég er búinn að rita drög að svari til rökstuðnings því kostnaðarmati sem barst ráðuneytinu í bréfi frá Neytendastofu dags. 2. febrúar 2012. Í bréfinu kemur m.a. fram að sú vinna sem felst í auknu eftirlitshlutverki Neytendastofu nemi stöðugildi sérfræðings eða 7.650.653 kr. á ársgrundvelli.

Svarið verður sent fjármálaráðuneytinu í lok vinnudags, ef þú hefur athugasemdir þá vinsamlegast bið ég þig að senda mér þær fyrir klukkan 17:00 í dag.

Með góðri kveðju,
Guðmundur Kárason

Drög að svari:

Neytendastofa viðhefur í dag eftirlit með neytendalánnum á grundvelli laga nr. 121/1994 um neytendalán. Neytendastofa er ekki í stakk búin til að sinna frekara eftirliti með veitingu neytendalána, líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir, án þess að til komi auknir fjármunir inn í rekstur stofnunarinnar til að mæta samfara kostnaði.

Hér á eftir er sá kostnaðarauki Neytendastofu útlistaður, sem ráðuneytið sér fyrir að komi til, verði frumvarp til nýrra laga um neytendalán að lögum. Eftirfarandi þrjú atriði munu væntanlega vega

þyngst:

1. Með frumvarpinu er gildissviði neytendalán útvíkkað svo til neytendarlána teljist svokölluð "smálán". Smálánafyrirtæki hafa mikið verið í umræðunni undanfarin tvö ár og sitt sýnist hverjum um starfsemi þeirra. Í dag eru a.m.k. fimm smálánafyrirtæki starfrækt hér á landi og fer þeim nokkuð ört fjölgandi. Má telja að eftirlit Neytendastofu með þessum smálánafyrirtækjum verði umtalsvert. Þessi fyrirtæki koma á lánsamningum og beiðnum um útgreiðslu á grundvelli slíkra lánsamninga með allt öðrum hætti en tíðkast hefur hérlendis og er því um annars konar eftirlit að ræða af hálfu Neytendastofu vegna þessara lána heldur en vegna "hefðbundnari" neytendalána s.s. yfirdráttarheimildir og fasteignalán.

2. Í frumvarpinu er fjallað um svokallaða "lánamiðlara" sem hafa milligöngu um veitingu lána eða veita ráðgjöf um lán. Ekki hefur áður verið fjallað um eftirlit með þessum aðilum í lögum um neytendalán. Á Íslandi er þessi hópur umtalsverður, en undir hann falla t.d. bílasalar, húsgagnasalar, raftækjaverslanir o.s.frv., þ.e. í þeim tilfellum sem þessir aðilar bjóða upp á fjármögnun á hinu keypta fyrir hönd þriðja aðila - sem dæmi um slíka lánsamninga má nefna raðgreiðslusamninga þá er kreditkortafyrirtækin veita. Ef Neytendastofa á að hafa virkt eftirlit með þessum aðilum þá þarf stofnunin aukinn mannskap.

3. Upplýsingakröfur lánveitanda aukast til muna með frumvarpinu. Bæði aukast kröfur er kemur að upplýsingum í auglýsingum (þegar birtar eru upplýsingar um vexti eða önnur kjör), fyrir samningsgerð og við samningsgerð. Aukin vinna mun felast í því að yfirfara þær upplýsingar sem lánveitendur þurfa að veita til neytenda - enda verða þessar upplýsingar umfangsmeiri heldur en samkvæmt núverandi kröfum.

Einnig má gera ráð fyrir auknum kostnði Neytendastofu vegna eftirfarandi atriða:

4. Frumvarpið gerir það að skyldu að framkvæmt sé lánshæfismat, og eftir atvikum greiðslumat, vegna allra neytendalána. Líklegt er að sökum þessa þá muni í auknum mæli rati inn á borði hjá Neytendastofu mál neytenda sem telja að skyldum frumvarpsins hvað þetta varðar hafi ekki verið fylgt.

5. Í frumvarpinu er sérstaklega fjallað um svokallaða "opna lánsamninga", en algengasta form opins lánsamnings hérlendis er lánssamningur í formi útgáfu ákveðnar tegundar kreditkorts, þ.e. svokallaðs sveiflu- eða veltukorts (e. revolving credit), þar sem ekki þarf að greiða úttekt að fullu heldur aðeins ákveðið hlutfall eða lágmark og eftirstöðvum skuldar er velt yfir á næsta tímabil. Í frumvarpinu er fjallað um þær reglur sem gilda um uppsögn slíkra lánsamninga, bæði af hálfu lánveitanda og neytanda. Það sem getur skipt sérstöku máli í þessu samhengi er heimild lánveitanda, sé kveðið á um slíkt í samningi aðila á milli, að loka fyrir frekari notkun úttektarheimildar (þ.e. ekki uppsögn heldur einhliða ákvörðun um "skyndilega" lokun korts). Ákvörðun um lokun úttektarheimildar skal alltaf rökstudd og byggð á hlutlægum grunni. Ástæður sem geta legið til grundallar slíkri lokun geta m.a. verið grunur um óheimila eða sviksamlega nýtingu á úttektarheimild eða veruleg aukin líkindi á að neytandi verði ófær um að standa við þá skuldbindingu sína að endurgreiða lánið. Ef koma upp vafamál um notkun þessa úrræðis lánveitanda til að loka fyrir úttektarheimild þá er líklegt að slíkt mál rati inn á borði hjá Neytendastofu.

6. Réttur til að falla frá samningi innan 14 daga frá gerð hans (eða frá þeim tíma er fullnægjandi upplýsingar berast) er nýmæli í lögum um neytendalán. Líklegt er að mál þar sem ósætti er að hálfu neytenda hvað varðar túlkun lánveitanda á þessum rétti muni berast Neytendastofu til skoðunar.

7. Í frumvarpinu er fjallað um svokallaða tengda lánsamninga, sem eru í raun lánssamningar sem gerðir eru í þeim eina tilgangi að fjármagna kaup á tiltekinni vöru eða þjónustu (og slíkt kemur fram í samningi). Í þeim tilfellum sem að neytandi hefur ekki fengið fulla afhendingu skv. ákvæðum samnings um kaup og hann hefur leitað úrræða til að fá úr því bætt gagnvart seljanda þá hefur hann rétt til að leyta vissra úrræða gagnvart lánveitanda (sem veitt hinn tengda lánssamning). Mjög líklegt er að Neytendastofu muni berast mál til skoðunar þar sem reynir á þetta ákvæði.

Samkvæmt mati Neytendastofu þá nemur sú vinna sem felst í auknu eftirlitshlutverki Neytendastofu

stöðugildi sérfræðings eða 7.650.653 kr. á ársgrundvelli. Ráðuneytið er sammála því mati.

Með góðri kveðju,
Guðmundur Kárason

Guðmundur Kári Kárason
Lögfræðingur / Legal Expert
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti / Ministry of Economic Affairs
Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, Iceland.
Sími/ Telephone: + 354 545-8800 Netfang / Email: gudmundur.k.karason@evr.is
<http://www.evr.is> / <http://www.mea.is>
[Fvrirvari/Disclaimer](#)

From Tryggvi Axelsson <tryggvi@neytendastofa.is>
:
To: gudmundur.k.karason@evr.is
Cc: helga@neytendastofa.is, helga.jonsdottir@evr.is, ragnhildur.hjaltadottir@irr.is, sigurbergur.bjornsson@irr.is,
steinunn.valdis.oskarsdottir@irr.is, Þórunn Anna Árnadóttir <thorunn@neytendastofa.is>
Date: 21.03.2012 17:44
Subj Re: Kostnaðarmat vegna nýrra laga um neytendalán
ect:

Sæll aftur

Gleymdi að setja inn í textann eftirfarandi:

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands er fjöldu nýrra íbúðalána á ársgrundvelli um 4816 ný lán

Einnig telur Sí líkur á að umfang nýrra bílalána - árlega sé á bilinu 8-12.000 ný lán.
Þetta hækkar auðvitað í "góðæri" og etv minnkar í "hallæri", sem sagt sveiflast.
Vildi koma þessum upplýsingum til þín til viðbótar.

Bestu kveðjur/ Best regards
Tryggvi Axelsson forstj./director
Neytendastofu /Consumer Agency
Borgartúni 21 - 105 Reykjavík
s./tel: + (354) - 510 11 00
fax: +(354) - 510 11 01

From gudmundur.k.karason@evr.is
:
To: Tryggvi Axelsson <tryggvi@neytendastofa.is>
Cc: helga@neytendastofa.is, helga.jonsdottir@evr.is, ragnhildur.hjaltadottir@irr.is, sigurbergur.bjornsson@irr.is,

steinunn.valdis.oskarsdottir@irr.is, Þórunn Anna Árnadóttir <thorunn@neytendastofa.is>

Date: 21.03.2012 16:31

Subj Re: Kostnaðarmat vegna nýrra laga um neytendalán
ect:

Sæll Tryggvi,

Takk fyrir þessar upplýsingar, ég kem þeim áfram til fjármálaráðuneytisins.

Með góðri kveðju,
Guðmundur Kárason

Guðmundur Kári Kárason
Lögfræðingur / Legal Expert
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti / Ministry of Economic Affairs
Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, Iceland.

Sími/ Telephone: + 354 545-8800 Netfang / Email: guðmundur.k.karason@evr.is

<http://www.evr.is> / <http://www.mea.is>

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

From Tryggvi Axelsson <tryggvi@neytendastofa.is>

:

To: guðmundur.k.karason@evr.is

Cc: helga@neytendastofa.is, steinunn.valdis.oskarsdottir@irr.is, Þórunn Anna Árnadóttir <thorunn@neytendastofa.is>, sigurbergur.bjornsson@irr.is, helga.jonsdottir@evr.is, ragnhildur.hjaltadottir@irr.is

Date: 21.03.2012 16:27

Subj Re: Kostnaðarmat vegna nýrra laga um neytendalán
ect:

Góðan dag Guðmundur
- og aðrir móttakendur

Þegar að lög um neytendalán voru afgreidd frá Alþingi upphaflega var gefin svohljóðandi kostnaðarumsögn frá Fjármálaráðuneytinu:

Umsögn um frumvarp til laga um neytendalán.

Með frumvarpi þessu er ætlað að koma á þeirri reglu í flestum lánsviðskiptum að lánveitandi tilgreini raunverulega vexti sem lánsamningur leiðir af sér. Frumvarp þetta er hið stætt löggjöf margra annarra landa. Frumvarp þetta er eitt þeirra sem tengjast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ekki verður séð að frumvarp þetta leiði af sér sérstakan kostnað fyrir ríkissjóð þar sem dómstólar munu verða að fjalla um allar afleiðingar af deilum um lánsviðskipti sem upp kunna að koma vegna laga þessara og framkvæmdarvaldið mun verða að hafa lítil afskipti þar af

Af framangreindri tilvitunun er augljóst að gert var ráð fyrir því að EKKER VIRKT EFTIRLIT yrði haft með lögunum á vegum stjórnáskjalastofnunar ríkisins (nú Neytendastofu)!!

Í ljósi þessa er þetta verkefni því alfarið á byrjunarreit varðandi stjórnáskjalastofnað vegna eftirlitsins - og reyndar eins og ég kem að hér síðar þá hefur Neytendastofa verið alltof hófsöm við áætlun sem send var þér á fyrri stigum. Eftirlit verður aldrei meira en það fé sem veitt er til þess hverju sinni. Ekkert fé - ekkert eftirlit, svo einfalt er það.

Förum nánar yfir þetta.

Í tilefni af beiðni EVR um frekari rökstuðning fyrir einu stöðugildi sérfræðings hjá Neytendastofu til þess að vinna að eftirliti með neytendalánum á Íslandi vill Neytendastofa upplýsa ráðuneytið um eftirfarandi, en neðangreindar upplýsingar byggja á upplýsingum FME vegna ársins 2010:

1. Heildarútlán viðskiptabanka og lánaþyrirtækja á Íslandi nema alls 1812 milljörðum króna
2. Stöðugildi í viðskiptabönkum eru alls 3.339
3. Stöðugildi í lánaþyrirtækjum er 432
4. Stöðugildi í sparissjóðum eru alls 150
5. Fjöldi afgreiðslustaða hjá viðskiptabönkum er 129

Í þingskjali sem hér fylgir einnig frá 136. löggjafarþingi 2008-2009 kemur fram að fjöldi verðtryggðra lána er alls um 122.000 talsins og til viðbótar 6.200 erlend lán með veði í íbúðarhúsnæði. Auk þess má hér má einnig minna á að 30-50 þúsund bilasamningar voru undir eingöngu vegna lána sem tengdir voru í erlendri mynt! Vísa að öðru leyti í meðf. fskj með svari ráðherra við fsp á Alþingi.

Neytendalán eru einnig algeng vegna kaupa á öðrum lausfjárumunum, s.s. heimilistækjum, innréttingum, o.s.frv. og skilmálar þeirra verða einnig undir eftirliti skv. frumvarpinu.

Eftirlits umfang neytendalána er því gífurlegt- og fjárhagslegir hagsmunir neytenda miklir!

Auk þess skal Neytendastofa hafa eftirlit með

6. Öllum auglýsingum framangreindra aðila sem veita neytendum lán og skyldu þeirra til að upplýsa m.a. um ÁHK, o.fl.
7. Nýtt verkefni er að hafa eftirlit með smálánum
8. Stofnuninni ber skylda til að taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi
9. Stofnuninni ber að taka við og leysa úr kvörtunum neytenda á öllu EES svæðinu vegna viðskipta með neytendalán við íslenskar fjármálastofnanir, sbr. CPC samstarfið

Tölulegar upplýsingar sem getið eru um hér að ofan byggja á þessari heimild sem finna má á heimasiðu FME, sjá vefslóðina:

http://www.fme.is/media/utgefid-efni/2010_Heildarnidurstodur-arsreikninga-fjarmalafyrirtaekia-fyrir-ari-d-2010.pdf

Telji ráðuneytið einhvern vafa vera á þörf fyrir eitt stöðugildi til að vinna að eftirliti með neytendalánnum og skilmálum þeirra þá vill Neytendastofa benda á að hjá Umboðsmanni skuldara starfa um eitthundrað manns við að leysa úr bráðavanda vegna neytendalána en nýjum lögum um neytendalán og virku eftirliti með lögunum er væntanlega ætlað m.a. að fyrirbyggja að slíkt neyðarástand skapist aftur hér á landi.

Nú þegar að Neytendastofa hefur við þessa samantekt tekið saman ofangreindar upplýsingar þá má segja að miðað við umfang þessa verkefnis þá er það mat hennar að einungis sé þörf á einum starfsmanni vart fullnægjandi og nær lagi að áætla e.t.v þrjú stöðugildil.

http://www.fme.is/media/utgefid-efni/2010_Heildarnidurstodur-arsreikninga-fjarmalafyrirtaekia-fyrir-arid-2010.pdf

Óski ráðuneytið eftir nánari upplýsingum og rökstuðningi fyrir fjárveitingu í því skyni að hafa eftirlit með lögum um neytendalán er Neytendastofa reiðubúin til þess að ræða þau mál frekar sé þess talin þörf.

Bestu kveðjur/ Best regards
Tryggvi Axelsson forstj./director
Neytendastofu /Consumer Agency
Borgartúni 21 - 105 Reykjavík
s./tel: + (354) - 510 11 00
fax: +(354) - 510 11 01

From: guðmundur.k.karason@evr.is
To: Tryggvi Axeisson <tryggvi@neytendastofa.is>
Cc: helga@neytendastofa.is
Date: 21.03.2012 12:02
Subject: Kostnaðarmat vegna nýrra laga um neytendalán

Sæll Tryggvi,

Efnahags- og viðskiptaráðherra óskaði þann 1. mars 2012 eftir kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins vegna frumvarps til nýrra laga um neytendalán sem ætlunin er að ráðherra leggi fram á yfirstandandi þingi.

Í kostnaðarmatsbeiðni ráðuneytisins kom fram að gera þarf ráð fyrir auknum kostnaði Neytendastofu sem fer með eftirlit með lögunum, enda er í frumvarpinu gert ráð fyrir auknum kröfum um form og efni neytendalána sem kallar á aukna vinnu við eftirlit. Með beiðninni fylgdi bréf Neytendastofu dags. 2. febrúar 2012 þar sem fram kemur að aukinn kostnaður vegna breytinga á umfangi þess eftirlits sem stofnunin skal sinna skv. frumvarpinu nemi 7.650.652 kr. á ársgrundvelli.

Fjármálaráðuneytið óskar eftir rökstuðningi Neytendastofu í tengslum við þann aukna kostnað sem að

mati stofnunarinnar felst í eftirliti með frumvarpi tii nýrra laga um neytendalán. Óskað er eftir því að vísað verði nákvæmlega í þau atriði sem fela í sér aukinn kostnað frá því sem nú er.

Ætlunin er að leggja frumvarpið fyrir ríkisstjórn nk. föstudag og liggur því á að klára kostnaðarmatið sem allra fyrst. Ráðuneytið óskar því eftir að rökstuðningur Neytendastofu vegna þessa berist fyrir lok vinnudags í dag. Geri mér grein fyrir að þetta er mjög skammur fyrirvari, vona það komi ekki að sök.

Með góðri kveðju,
Guðmundur Kárason

Guðmundur Kári Kárason
Lögfræðingur / Legal Expert
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti / Ministry of Economic Affairs
Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, Iceland.

Sími/ Telephone: + 354 545-8800 Netfang / Email: gudmundur.k.karason@evr.is

<http://www.evr.is> / <http://www.mea.is>

[Fyrirvari/Disclaimer](#) [attachment "2012 Þinskjal um fjölda lána.pdf" deleted by Guðmundur Kári Kárason/EVR/NotesSTJR]



Re: Kostnaðarumsögn 
Tryggvi Axelsson to: gudmundur.k.karason
Cc: Matthildur Sveinsdóttir, Þórunn Anna Árnadóttir

Fskj. nr. 3
(Umsögn Neytendastofu)
þskj. 228 - neyt. lán

30.08.2012 14:06

[Show Details](#)

Kostnaður Neytendastofu vegna eftirlits með lögum um neytendalán.

Sæll Guðmundur,

Við erum búin að fara yfir kostnaðarumsögnina og kostnaðinn sem frumvarpið mun hafa í för með sér fyrir stofnunina verði það samþykkt. Eins rætt var á fundinum þá hefur nýtt ákvæði í 25. gr. frumvarpsins í för með sér aukinn kostnað fyrir stofnunina sem er bæði vegna breytinga á heimasíðu hennar og reglulegrar uppfærslu á tölum, og æskilegt að setja fé í að gera þetta notendavænt. Einnig hefur verið mikil umræða, bæði á Alþingi og í fjölmiðlum, um það hversu flókin löggin séu og þá sérstaklega þar sem þau varða neytendur beint. Neytendastofa telur því æskilegt að setja inn kostnað vegna kynningarstarfs bæði gagnvart neytendum sem taka lánin og ekki síður gagnvart lánveitendum þar sem kröfum til þeirra eru auknar til muna, sbr. einnig umræður okkar á fundinum s.l. þriðjudag. Jafnframt hefur stofnunin reiknað út rekstrarkostnað á árs grundvelli en hann var tilgreindur í bréfi Neytendastofa dags. 2. febrúar 2012 án fastrar tölu enda eðlilegt að gera ráð fyrir öðrum kostnaði en beinum launum. Í því felst m.a. aðstaða fyrir starfsmann, sameiginlegur rekstur s.s. sími o.fl. auk tækjabúnaðar. Í því sambandi er ljóst að "overhead" sem fylgir starfsmanni má reikna út niður í minnstu kostnaðarliði eða meira gróflega. Þetta er því mat Neytendastofu á kostnaði í grófum dráttum.

A – launakostnaður kr. 7.650.653,- á ári, sbr. bréf Neytendastofu dags. 2. febrúar 2012 (og ath. bæta við hækkun launa hjá BHM frá þeim tíma)

B – hlutdeild í almennum rekstrarkostnaði (húsn osfr). 2.500.000 kr- á ári, sem tilgreindur er í bréfi Neytendastofu dags. 2. febrúar 2012 án fjárhæðar

C – upphafskostnaður vegna kynningarstarfs og heimasíðu kr. 3- 4.000.000 kr.

Þetta er það sem við myndum telja eðlilegt miðað við umfang verkefnisins.

Bestu kveðjur/ Best regards
Tryggvi Axelsson forstj./director
Neytendastofu /Consumer Agency
Borgartúni 21 - 105 Reykjavík
s./tel: + (354) - 510 11 00
fax: +(354) - 510 11 01

gudmundur.k.karason

Sæl, Takk fyrir góðan fund. Hjalagður er rök...

23.08.2012 15:49:05

From: gudmundur.k.karason@evr.is
To: Tryggvi Axelsson <tryggvi@neytendastofa.is>, Þórunn Anna Árnadóttir <thorunn@neytendastofa.is>, Matthildur Sveinsdóttir <Matthildur@neytendastofa.is>
Date: 23.08.2012 15:49
Subject: Kostnaðarumsögn

Sæl,

Takk fyrir góðan fund. Hjálagður er rökstuðningur fyrir auknu umfangi sem fylgdi með beiðni um kostnaðarumsögn í vor.

Verðum í sambandi á morgun.

kv. Guðmundur

Guðmundur Kári Káráson

Lögfræðingur / Legal Expert

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti / Ministry of Economic Affairs

Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, Iceland.

Sími/ Telephone: + 354 545-8800 Netfang / Email: guðmundur.k.karason@evr.is

<http://www.evr.is> / <http://www.mea.is>

[Fvrirvari/Disclaimer](#)



Neytendalán_rökstuðningur.v.aukins.umfangs.docx